

## Uppljóstranir um aukaverkanir af bólusetningum

Bandaríski þingmaðurinn, Ron Johnson, er einn þeirra, sem leita þekkingar og svara við ýmsum áleitnum spurningum um veiruvána og bólusetningar. En það er viðramman reip að draga. Leyndarhyggjan er yfirpyrmandi, sama hvert litið er. Stjórnvöld, kosin af almenningi, kinoka sér við – eins og þau íslensku – að starfa fyrir opnum tjöldum. Svo það er von, að fólk spyrji, hvað búi að tjaldabaki. Þrátt fyrir leyndarhyggjuna hafa nokkrir ljóstrað upp samvisku sinnar vegna, ekki síst um aukaverkanir af lyfjunum, sem stjórnvöld jafnvel sprauta í fólk undir þvingunum.

Í réttarhaldi Alríkisþings BNA fyrir skömmu síðan, ljóstraði lögfræðingurinn, Thomas Renz, því upp, að aukaverkanir bólusetningar á bandaríska hermenn hefðu farið hljótt. Venjulega er það þannig, að aukaverkanir megi tilkynna til opinberra fylgikvillaskráa, en almennt er talið að einungis eitt til tíu prósent aukaverkana rati þangað. Hins vegar er aðra sögu að segja, þegar markviss leit er gerð að fylgikvillum.

Thomas upplýsti um eftirfarandi bráðbirgðatölur samkvæmt herlæknunum Samuel Sigoloff, Peter Chambers og Theresa Long. Hér er stiklað á stóru.

Samanburðargrundvöllur er meðaltal fimm síðustu ára, áður en pestin skall á:

Tilvikum háþrýstings hefur fjölgað um 2.181%.

Miðtaugarkerfissjúkdómar hafa aukist um 1.048%.

Illkynja æxlum í vélinda hefur fjölgað um 894%.

Heila- og mænusiggssjúkdómnum (multiple sclerosis) hefur fjölgað 680%.

Guillain-Barré heilkenni (ónæmiskerfið ræðst á eigið úttaugkerfi) hefur fjölgað um 551%.

Brjóstakrabbamein hefur aukist um 487%.

Tilvikum um eyðingu taugaslíðurs (demyelination) hefur fjölgað um 487%.

Illkynja æxlum í skjaldkirtli og öðrum innkirtlum hefur fjölgað 474%.

Tilvikum um ófrjósemi kvenna hefur fjölgað um 471%.

Tilvikum um starfsemistruflanir í eggjastokkum hefur fjölgað um 437%.

Fósturlátum hefur fjölgað um 300%.

Afmynduðum nýburum hefur fjölgað um 150%.

Krabbi í eistum hefur aukist um 300%.

Tilvikum um hjartsláttaróreglu hefur fjölgað um 302%.

Thomas benti enn fremur á, að fjarlægð hefðu verið gögn úr gagnabanka hersins um hjartaáföll (myocarditis). Hann bendir einnig á staðreyndir úr þríelfdu gagnsafni, „Áætlun Salus“ (Project Salus); þ.e. gagnasafni á vegum Varnarmálaráðuneytisins (Defense Medical Epidemiology Database DMED), samþættum gagnagrunni Varnarmálaráðuneytisins (military-civilian integrated health database) og gagnagrunni Miðstöðvar sjúkdómsstjórnunar og heilsuverndar (Centers for Disease Control og Prevention - CDC).

Þar kemur m.a. fram, að „71% nýrra sjúklinga er að fullu bólusettur og 60% sjúklinga, innlagðra á sjúkrahús, eru að fullu bólusett. Þetta er spilling á efsta stigi. Rannsóknar er þörf. Rannsaka verður varnarmálaráðherrann. Rannsaka þar CDC.“ Hann heldur áfram:

„Gerðar eru tilraunir á hermönnum okkar, þeir bíða heilsutjón og eru stundum jafnvel drepnir,“ segir Thomas. [Bandarískir hermenn voru einnig tilraunadýr, þegar búa átti til svínaflensufaraldur á sínum tíma.]

Jósef Biden hefur skyldað herfólkið til bólusetningar með bóluefni Pfizer og bóluefni góðkunningja síns, Anthony Fauci, hluthafa í Moderna, og farsóttarleiðtoga Bandaríkjanna Norður-Ameríku (þeirra Þórólfur).

En nokkrir þráast við og hafa stefnt ríkisvaldinu.

<https://openvaers.com/images/r18hs017045-lazarus-final-report-20116.pdf>

<https://vaccineimpact.com/2022/genocide-military-medical-whistleblowers-reveal-miscarriages-birth-defects-and-infertility-rates-exploded-in-2021-following-covid-vaccines/>

<https://childrenshealthdefense.org/defender/covid-vaccines-miscarriages-cancer-neurological-disorders-military/>

<https://childrenshealthdefense.org/defender/covid-policies-serve-big-pharma-not-people/>

<https://childrenshealthdefense.org/defender/ron-johnson-dod-respond-covid-vaccine-injuries/>

[https://palexander.substack.com/p/senate-discussion-with-senator-johnson?token=eyJ1c2VyX2lkIjo0Njk0NzAxNCwicG9zdF9pZCI6NDgyOTc1MzUsIl8iOiJvVEw4TCIsImIhdCI6MTY0NDMzOTY2MiwiZXhwIjoxNjQ0MzQzMjYyLCJpc3MiOiJwdWltNTc5MzU2liwic3ViIjoicG9zdC1yZWJjdGlubiJ9.LEwKIAWIRdW-4a7z13WaSqjeZD7WPBBhF\\_BxNCMfZK4](https://palexander.substack.com/p/senate-discussion-with-senator-johnson?token=eyJ1c2VyX2lkIjo0Njk0NzAxNCwicG9zdF9pZCI6NDgyOTc1MzUsIl8iOiJvVEw4TCIsImIhdCI6MTY0NDMzOTY2MiwiZXhwIjoxNjQ0MzQzMjYyLCJpc3MiOiJwdWltNTc5MzU2liwic3ViIjoicG9zdC1yZWJjdGlubiJ9.LEwKIAWIRdW-4a7z13WaSqjeZD7WPBBhF_BxNCMfZK4)

<https://www.bitchute.com/video/8i91cq2LTdfP/>

<https://www.youtube.com/watch?app=desktop&v=9jMONZMuS2U>

<https://rumble.com/vt7f7z-attorney-thomas-renz-statement-on-dod-whistleblowers-findings.html>